HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
Sími 525 4000 · hi@hi.is · hi.is

Umsögn send rafrænt inn í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 16. nóvember 2026

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt. Mál nr. S-225/2026

Inngangur

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á öflugt alþjóðlegt náms- og rannsóknarumhverfi. Við háskólann stunda nemendur frá ríkjum utan EES nám og þar starfa meðal annars doktorsnemar, nýdoktorar, kennarar og annað vísindafólk frá þessum ríkjum. Skilyrði fyrir komu og dvöl þeirra hér á landi hafa því beina þýðingu fyrir starfsemi háskólans.

Háskólinn vill sérstaklega vekja athygli á því að breytingarnar sem lagðar eru til geta haft áhrif á möguleika hans til að laða að doktorsnema, nýdoktora og lektora erlendis frá. Við mat á þeim áhrifum þarf að horfa til fjármögnunar náms, launakjara og fjölskylduaðstæðna. Jafnframt er mikilvægt að huga að stöðu þeirra sem þegar hafa hafið nám eða rannsóknarstörf hér á landi.

Samspil framfærsluviðmiða og launakjara

Til að varpa ljósi á áhrif þeirra framfærsluviðmiða sem lögð eru til eru hér tekin afmörkuð dæmi um launakjör doktorsnema, nýdoktora og lektora samkvæmt stofnanasamningum Háskóla Íslands við Félag háskólakennara (FH) og Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og tilheyrandi launatöflum. Dæmin miðast við grunnlaun samkvæmt tilgreindri röðun.

Háskóli Íslands telur mikilvægt að skýrt komi fram hvort við framfærslumat á grundvelli launatekna sé miðað við laun fyrir eða eftir skatta og annan frádrátt. Þetta hefur þýðingu fyrir mat umsækjenda og atvinnurekanda á því hvort tiltekin launakjör nægi til að uppfylla framfærsluskilyrðin.

Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
Sími 525 4000 · hi@hi.is · hi.is

Samanburður á völdum grunnlaunaviðmiðum og framfærsluviðmiðum samkvæmt drögunum

Starf	Röðun	Grunnlaun á mánuði í 100% starfi	Fjölskylduaðstæður í framfærslumati	Framfærsluviðmið	Mismunur
Doktorsnemi	030, tafla 695 (S)	540.456 kr.	Doktorsnemi án maka eða barna í framfærslumati	375.890 kr.	+164.566 kr.
Nýdoktor	L06-1, tafla 696 (A)	749.218 kr.	Einstaklingur án maka eða barna í framfærslumati	501.186 kr.	+248.032 kr.
Nýdoktor	L06-1, tafla 696 (A)	749.218 kr.	Barnlaus hjón	801.897 kr.	−52.679 kr.
Lektor	L09-0, tafla 696 (A)	842.496 kr.	Einstaklingur án maka eða barna í framfærslumati	501.186 kr.	+341.310 kr.
Lektor	L09-0, tafla 696 (A)	842.496 kr.	Barnlaus hjón	801.897 kr.	+40.599 kr.
Lektor	L09-0, tafla 696 (A)	842.496 kr.	Hjón með eitt barn	952.253 kr.	−109.757 kr.
Lektor	L09-0, tafla 696 (A)	842.496 kr.	Hjón með tvö börn	1.102.609 kr.	−260.113 kr.

Forsendur og fyrirvari: Taflan sýnir grunnlaun við tilgreinda röðun í fullu starfi, en ekki heildarkjör allra í viðkomandi hópum. Nýdoktorsviðmiðið byggist á FH-samningnum. Gert er ráð fyrir að laun og framfærsluviðmið séu á sama tekjugrundvelli. Aðrir launaþættir, tekjur og fjármunir eru ekki tekin með í reikninginn. Samanburðurinn felur því hvorki í sér niðurstöðu um hvort framfærsluskilyrði séu uppfyllt né mat á raunverulegum framfærslukostnaði.

Heimildir: Stofnanasamningar Háskóla Íslands við FH og FÍN og viðeigandi launatöflur 695 (S) og 696 (A). Stofnanasamningur háskólans og FH tók gildi 1. september 2026. Framfærsluviðmið samkvæmt reglugerðardrögunum.

Að því gefnu að laun og framfærsluviðmið séu borin saman á sama tekjugrundvelli sýna dæmin að grunnlaun í fullu starfi geta verið lægri en þau framfærsluviðmið sem lögð eru til fyrir viðkomandi fjölskylduaðstæður. Þetta gefur að mati Háskóla Íslands tilefni til að huga sérstaklega að mögulegum áhrifum viðmiðanna á ráðningar vísindafólks erlendis frá.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
Sími 525 4000 · hi@hi.is · hi.is

Staða doktorsnema

Við mat á áhrifum breytinganna þarf að hafa í huga að doktorsnemar eru ekki allir ráðnir í fullt starf. Starfshlutfall þeirra getur meðal annars ráðist af fjármögnun viðkomandi rannsóknarverkefnis. Samanburður við laun í 100% starfi gefur því ekki einn og sér fullnægjandi mynd af stöðu þessa hóps.

Í töflunni er miðað við grunnlaun samkvæmt tilgreindri röðun, en ekki heildarlaun allra doktorsnema. Miðað við þann grunn og hlutfallslega lækkun launa nema mánaðarlaun doktorsnema í 70% starfshlutfalli um 378.319 kr. Það er aðeins um 2.400 kr. yfir því framfærsluviðmiði sem lagt er til fyrir doktorsnema án maka eða barna í framfærslumati, 375.890 kr. Svigrúm gagnvart viðmiðinu er því mjög takmarkað í þessu dæmi.

Jafnframt þarf að huga að því hvernig krafa um að sýna fram á trygga framfærslu allan dvalartímann samræmist fyrirkomulagi fjármögnunar doktorsnáms. Samningar um styrki geta verið gerðir til eins árs í senn þótt fyrir liggi fyrirheit um fjármögnun til lengri tíma. Samningur til eins árs endurspeglar því ekki endilega það tímabil sem styrkveitingin er ætluð til að ná yfir eða áætlaðan námstíma. Háskóli Íslands telur mikilvægt að skýrt sé hvaða tímabil umsækjandi þarf að sýna fram á framfærslu fyrir og hvaða gögn teljist fullnægjandi þegar fjármögnun er staðfest með þessum hætti.

Háskóli Íslands telur því mikilvægt að áhrif þeirrar hækkunar sem lögð er til verði metin sérstaklega með hliðsjón af mismunandi starfshlutfalli og fjármögnun doktorsnema. Við það mat verði jafnframt horft til mögulegra áhrifa á getu háskólans til að laða að doktorsnema og á stöðu þeirra sem þegar hafa hafið nám.

Fjölskylduaðstæður

Við mat á áhrifum framfærsluviðmiðanna þarf jafnframt að horfa til aðstæðna þeirra sem hyggjast flytja hingað með maka og börn. Þótt laun einstaklings nái viðmiði vegna eigin framfærslu er ekki þar með sagt að þau nægi til að uppfylla viðmið vegna fjölskyldunnar, eins og samanburðurinn í töflunni hér að framan gefur til kynna.

Við flutning til landsins er ekki sjálfgefið að maki hafi þegar tryggt sér starf. Möguleikar fjölskyldunnar til að flytja saman geta því ráðist af því hvort laun þess sem tekur við starfi nægi til að uppfylla framfærsluviðmiðin, nema aðrar tekjur eða fjármunir komi til álita.

Þetta getur haft þýðingu fyrir ráðningar nýdoktora og lektora erlendis frá. Háskóli Íslands er í alþjóðlegri samkeppni um hæft vísindafólk og möguleikar þess til að flytja hingað með

Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
Sími 525 4000 · hi@hi.is · hi.is

fjölskyldu geta haft áhrif á hvort það þiggur starf við háskólann. Fyrir Háskóla Íslands sem vinnuveitanda skiptir jafnframt máli að væntanlegt starfsfólk hafi skýrar upplýsingar um launakjör og framfærslukostnað og geti þannig metið raunhæfar forsendur flutnings með fjölskyldu sinni.

Háskóli Íslands telur því mikilvægt að áhrif þeirra framfærsluviðmiða sem lögð eru til verði metin sérstaklega með hliðsjón af fjölskylduaðstæðum og möguleikum háskólans til að laða að vísindafólk til starfa.

Staða þeirra sem þegar hafa hafið nám eða rannsóknarstörf

Nemendur í margra ára námi, þar á meðal doktorsnemar, kunna að hafa skipulagt nám, búsetu og fjármögnun með hliðsjón af þeim framfærsluviðmiðum sem giltu við upphaf náms. Veruleg hækkun viðmiðanna á námstímanum getur raskað fjárhagslegum forsendum áframhaldandi náms. Sú aðlögun sem lýst er í drögunum vegna endurnýjunarumsókna sem berast fyrir gildistöku tekur ekki með sama hætti á stöðu þeirra sem þurfa að endurnýja dvalarleyfi síðar á námstímanum.

Verði framfærsluviðmiðin hækkuð leggur Háskóli Íslands áherslu á að skýrt verði kveðið á um að nemendur sem þegar hafa hafið nám geti lokið því samkvæmt þeim framfærsluskilyrðum sem giltu við upphaf þess. Þetta gildi einnig við endurnýjun dvalarleyfis vegna áframhaldandi náms í sömu námsleið. Jafnframt verði metið hvort aðlögunarákvæði draganna taki nægilegt tillit til stöðu vísindafólks sem þegar hefur hafið tímabundin rannsóknarstörf, með hliðsjón af möguleikum þess til að ljúka þeim störfum sem það hefur verið ráðið til.

Að lokum

Háskóli Íslands leggur með ofangreindu áherslu á að þau framfærsluviðmið sem lögð eru til verði endurskoðuð. Háskólinn vill í því sambandi vekja athygli á mögulegum áhrifum hækkunarinnar á getu hans til að laða að doktorsnema, nýdoktora og lektora frá ríkjum utan EES. Þar skipta starfshlutfall og fyrirkomulag fjármögnunar doktorsnáms, svo og fjölskylduaðstæður, verulegu máli. Háskólinn telur jafnframt mikilvægt að skýrt sé hvaða gögn þurfi að leggja fram til staðfestingar á framfærslu og fyrir hvaða tímabil sýna þurfi fram á hana.

Verði framfærsluviðmiðin hækkuð leggur háskólinn áherslu á að tryggt verði að nemendur sem þegar hafa hafið nám geti lokið því samkvæmt þeim framfærsluskilyrðum sem giltu við

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
Sími 525 4000 · hi@hi.is · hi.is

upphaf náms. Þetta gildi einnig við endurnýjun dvalarleyfis vegna áframhaldandi náms í sömu námsleið. Jafnframt verði hugað að stöðu þeirra sem þegar hafa hafið rannsóknarstörf hér á landi.

Háskólinn telur mikilvægt að markmiðum um trygga framfærslu verði náð án þess að skapa óþarfa hindranir fyrir komu nemenda og vísindafólks til náms og starfa hér á landi. Í því samhengi vill Háskólinn benda á að óraunhæft er að kenna ýmsar greinar án þátttöku alþjóðlegra nemenda og rannsakenda. Með því að draga úr tækifærum skólans til að laða að unga rannsakendur er um leið verið að skerða möguleika íslenskra nemenda til að stunda nám í fámennum greinum á landinu. Þar eru undir ýmsar greinar sem eru forsendur þess að markmið atvinnustefnu náist. Þá er mikilvægt að halda því til haga að alþjóðlegur háskóli þjónar hagsmunum íslensks samfélags og atvinnulífs, ekki síður en þeim alþjóðlegu nemendum og ungu rannsakendum sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,

Silja Bára R. Ómarsdóttir
rektor